

Samantekt úr greinagerð

um reglulegt mat

Félagsvísindasvið febrúar 2026

Formáli

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úr reglulegu mati Félagsvísindasviðs eins og þeim er lýst í greinagerð um reglulegt mat sem gefin var út í febrúar 2026. Reglulegt mat er hluti af innra gæðamati Háskóla Íslands og er gert í samræmi við skilgreint verklag í gæðakerfi HÍ. Matið byggir á símati einstakra deilda frá árinu 2025, reglulegu mati á skipulagi rannsókna sviðsins frá árinu 2020, tölulegum gögnum um starfsemina og samráði við innri og ytri hagaðila.

Skýrsluhöfundar:

Magnús Þór Torfason, sviðsforseti
Auður Ingólfssdóttir, deildarstjóri
Hlín Hjartar Magnúsdóttir, verkefnastjóri

Pátttakendur:

Deildarforsetar á sviði
Nemendafulltrúar í sviðsstjórn
Nefndarformenn á sviði
Rekstrar-, kennslu-, rannsókn- og mannauðsstjóri
Tilnefndir ytri hagaðilar

Samantektin er birt á vefsíðu Háskólans í þeim tilgangi að upplýsa hagaðila um hvernig gæði náms, kennslu og rannsókna eru tryggð innan fræðasviðsins.

Inngangur

Við matið var lögð áhersla á að greina góða starfshætti, finna tækifæri til umbóta, greina nauðsynlegar úrbætur og tryggja markvissa eftirfylgni niðurstaðna. Í greinagerðinni er því lýst hvernig gæði hafa verið tryggð og þróuð á fræðasviðinu og greint frá ígrundun um hvort þörf sé á breyttu verklagi.

Innra gæðastarf

Reglubundið mat byggir á símati deilda 2025, fyrra reglulegu mati á skipulagi rannsókna sviðsins, tölulegum gögnum um starfsemina og samráði við deildarforseta, nemendur, fastanefndir og ytri hagaðila. Greinargerðin sýnir að sviðið hefur brugðist við fyrri ábendingum með markvissri kennsluþróun, eflingu rannsóknþjónustu og aukinni styrkjasókn, þótt áfram sé þörf á kerfisbundinni eftirfylgni og betri tengingu milli kennsluskrár, fjárhagsáætlunar og umbótastarfs. Í greinargerðinni kemur jafnframt fram að eftirfylgni við fyrri aðgerðir þurfi að vera markvissari og að aðgerðir verði að vera skýrar og vel skilgreindar.

Helstu niðurstöður

Félagsvísindasvið gegnir lykilhlutverki í þekkingarsköpun, nýsköpun og samfélagslegri þróun á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Námsánægja er almennt mikil og kennsluþróun hefur verið markviss, meðal annars með samþættingu námskeiða og aukinni umræðu um áhrif gervigreindar á kennslu, námsmat og starfsumhverfi útskrifaðra nemenda.

Rannsóknarstarfsemi sviðsins er öflug og vaxandi, með fjölgun birtinga í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum, hækkandi áhrifastuðli og sterkri alþjóðlegri samvinnu. Jafnframt hefur stoðþjónusta við rannsóknir og styrkjasókn verið eflað verulega, sem sést meðal annars í fjölgun innlendra og erlendra rannsóknarstyrkja. Rannsóknir sviðsins hafa enn fremur haft víðtæk áhrif á stefnumótun, löggjöf og opinbera stjórnsýslu.

Helstu áskoranir tengjast hins vegar þröngum fjárhagsramma, mikilli notkun stundakennara, auknu kennsluálagi á fasta kennara og því að sumar námsleiðir eru við þolmörk hvað varðar viðeigandi námsframboð. Þá eru einnig tækifæri til að efla samnýtingu námskeiða, bæta mælingar á samfélagslegum áhrifum rannsókna og nýta gögn og sjálfvirkni betur í samspili kennsluskrár og fjárhagsáætlunar.

Góðir starfshættir

Eftirfarandi starfsvenjur sem dregnar eru fram í matinu er vert að nýta víðar innan fræðasviðsins og miðla sem bestu starfsvenjum:

- » Umfangsmikil rannsóknarstarfsemi og alþjóðleg samvinna.
- » Mikil samfélagsleg áhrif rannsókna á stefnumótun og löggjöf.
- » Öflugur og vaxandi stuðningur við styrkjasókn.
- » Mikil ánægja nemenda og sterk tenging kennslu við rannsóknir.

Tækifæri til umbóta

Eftirfarandi tækifæri til umbóta innan fræðasviðsins komu í ljós við matið og er vert að nýta eða kanna betur:

- » Auka samnýtingu námskeiða milli deilda og námsleiða.
- » Efla kerfisbundna innleiðingu gervigreindar í námi en varðveita persónulega nálgun gagnvart nemendum.
- » Greina hvernig rannsóknarstoðþjónusta nýtist rannsakendum og nýta niðurstöður til framþróunar.
- » Bæta yfirsýn og mælingar á samfélagslegum áhrifum rannsókna.
- » Auka sjálfvirkni í samræmingu kennsluskrár og fjárhagsáætlunar.
- » Styrkja enn frekar umgjörð doktorsnáms í kjölfar nýs verklags um miðbiksmat og fleira.

Atriði sem þarfnast úrbóta

Eftirfarandi eru þær úrbætur sem mikilvægast er að ráðast í á fræðasviðinu:

- » Mikil notkun stundakennara dregur úr stöðugleika kennslu, nauðsynlegt er að finna leiðir til að draga úr henni.
- » Mikið kennsluálag er á fasta kennara vegna of fárra fastra stöðugilda, nauðsynlegt er að finna leiðir til að draga úr því.
- » Hagræðingarkröfur takmarka námsframboð og ógna gæðum náms, nauðsynlegt er að finna leiðir til að bregðast við þeim ógnum.

Aðgerðir og áætlun um innra gæðamat

Í aðgerðaáætlun 2026–2029 er meðal annars lögð áhersla á að greina reynslu rannsakenda af styrkjasókn, samþætta fjárhagsáætlanir og kennsluskrár með sjálfvirkari hætti, endurskoða námskeið og námsleiðir með hliðsjón af gervigreind og kortleggja samkennslumöguleika. Jafnframt er gert ráð fyrir reglulegu samráði við ytri hagaðila og nemendafélög, auk aukinnar miðlunar rannsókna og sýnileika kennara í opinberri umræðu.

Eftirfylgni og ábyrgð

Sviðsforseti ber ábyrgð á heildareftirfylgni með aðgerðaáætlun og áætlun um innra gæðamat á tímabilinu 2026–2029, í samvinnu við deildarforseta, kennslustjóra, rannsóknastjóra og aðra ábyrgðaraðila þeirra verkefna sem tilgreind eru í aðgerðaáætluninni.